

LÖG

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940,
með síðari breytingum (fyrning sakar).

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 81. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 20/1981:

a. 4. tölul. 1. mgr. orðast svo:

Á 15 árum, þegar þyngsta refsing við broti er meira en 10 ára tímabundið fangelsi.

b. 2. mgr. orðast svo:

Fyrningarfrestur vegna brota, sem fólgin eru í því að komast undan greiðslu á tollum, sköttum eða öðrum gjöldum til hins opinbera, er aldrei skemmri en 5 ár.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 82. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 20/1981 og 43. gr. laga nr. 90/1996:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Fyrningarfrestur vegna brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. telst þó eigi fyrr en frá þeim degi er brotþoli nær 14 ára aldri.

b. Í stað orðsins „refsilögsögu“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: forráðasvæðis.

c. 4. mgr. orðast svo:

Fyrningarfrestur rofnar þegar rannsókn opinbers máls hefst fyrir rannsóknara gegn manni sem sakborningi. Í málum, sem lögreglan má samkvæmt lögum ljúka með sátt, rofnar fyrningarfrestur þegar lögreglan sakar mann um brot og kynnir honum sáttaboð. Þegar lög heimila stjórnvaldi endranær að kveða á um refsingu fyrir brot rofnar fresturinn þegar stjórnvaldið sakar mann um slíkt brot.

d. 5. mgr. orðast svo:

Rannsókn skv. 4. mgr. rýfur ekki fyrningarfrest ef rannsóknari hættir rannsókninni, ákærandi ákveður að höfða ekki opinbert mál gegn sakborningi eða ákærandi afturkallar ákæru. Stöðvist rannsókn máls um óákveðinn tíma rýfur rannsóknin heldur ekki fyrningarfrest. Stöðvist rannsókn máls af því að sakborningur hefur komið sér undan rannsókn rýfur rannsóknin fyrningarfrest, en sá tími sem rannsóknin stóð yfir telst ekki til fyrningartímans. Ef máli er vísað frá héraðsdómi og ekki er hafist handa við að bæta úr ágöllum á málatilbúnaði innan 6 mánaða frá þeim degi, er málinu var vísað frá, rýfur undangengin rannsókn ekki fyrningarfrest.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 83. gr. a laganna, sbr. 8. gr. laga nr. 20/1981 og 8. gr. laga nr. 42/1985:

a. 1. mgr. orðast svo:

Fésekt, sem ákveðin er með dómi, úrskurði eða sátt, fyrnist þegar liðin eru 3 ár frá því að unnt var að fullnægja dómi, úrskurði eða sátt. Þegar fjárhæð fésektar er 60.000 krónur eða hærri er fyrningarfresturinn þó 5 ár.

b. 2. mgr. orðast svo:

Hafi greiðsla fésektar verið tryggð með fjárnámi eða öðrum sambærilegum hætti innan fyrningarfresta skv. 1. mgr. lengjast þeir frestir um 2 ár.

c. Í stað orðanna „1. mgr.“ í 3. mgr. kemur: 1. og 2. mgr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. júní 1998.

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Þorsteinn Pálsson.

Nr. 64

12. júní 1998

ÍPRÓTTALÖG.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í lögum þessum merkja íþróttir hvers konar líkamlega þjálfun er stefnir að því að auka líkamlegt og andlegt atgervi, heilbrigði og hreysti.

Lögin taka ekki til íþróttaiðkunar er fram fer sem liður í starfsemi heilbrigðisstofnana eða heilsuræktarstöðva.

2. gr.

Meginmarkmið aðgerða ríkis og sveitarfélaga á sviði íþróttamála skal vera að stuðla að því að allir landsmenn eigi þess kost að iðka íþróttir við sem hagstæðust skilyrði. Samstarf ríkis og sveitarfélaga við hina frjálsu íþróttahreyfingu skal taka mið af gildi íþróttaiðkunar fyrir uppeldis- og forvarnastarf.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirumsjón íþróttamála að því leyti er ríkið lætur þau til sín taka. Í því skyni aflar ráðuneytið upplýsinga um iðkun íþróttanna í landinu og aðstöðu til íþróttastarfs og stuðlar að rannsóknum á sviði íþróttamála.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar íþróttanefnd, en í henni eiga fimm menn sæti. Ráðherra skipar formann án tilnefningar, einn fulltrúa samkvæmt tillögu stjórnar Íþrótt- og Ólympíu-sambands Íslands, einn samkvæmt tillögu stjórnar Ungmennafélags Íslands, einn samkvæmt tillögu stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og einn samkvæmt tillögu íþróttakennaraskorar Kennaraháskóla Íslands. Á sama hátt skal skipa varamenn. Nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn. Afl atkvæða ræður úrslitum mála í íþróttanefnd. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Hlutverk íþróttanefndar er að veita menntamálaráðuneytinu ráðgjöf í íþróttamálum.